



Borgarstjórn Í Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2019

R19010204

1210

BP

Íþrótt- og tómstundasvið

Bæjarhálsi 1  
110 REYKJAVÍK

***Tillögur stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð***

Á fundi borgarráðs þann 24. janúar 2019 var lagt fram bréf stýrihóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, dags. 21. janúar 2019, varðandi tillögur stýrihópsins vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024.

Borgarráð samþykkti erindið.

Bjarni Þóroddsson

e.u.

Hjálagt:

Tillögur stýrihóps KFS vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags. 21. janúar 2019

Samrit:

Menningar- og ferðamálasvið

Velferðarsvið

Skóla- og frístundasvið

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun

Borgarráð

**Tillögur stýrihóps KFS vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar  
2020-2024**

Lagt er til að:

1. Borgarráð feli sviðsstjórum að framkvæma tímanlega jafnréttisskimanir og eftir atvikum jafnréttismat á öllum tillögum fagsviða vegna rekstrar og fjárfestinga sem fela í sér ný verkefni eða breytingar á verkefnum sem kalla á auknar fjárheimildir, sbr. ákvæði 1. gr. í reglum um gerð fjárhagsáætlunar.
2. Borgarráð feli sviðsstjórum að vinna að greiningu helstu þjónustuþáttu með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og geri stýrihóp grein fyrir því hvernig þau hyggjast standa að málínu að minnsta kosti tveim vikum áður en sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, sbr. tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2020-2024. Stýrihópur leggur áherslu á:
  - að SFS setji upp tilraunaverkefni með nokkrum grunnskólum annarsvegar og nokkrum leikskólum hinsvegar til þess að þróa aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar í þessum mikilvægu stofnunum með það fyrir augum að yfirfæra aðferðafræðina á alla grunnskóla og leikskóla sem ekki taka þátt í tilraunaverkefninu.
  - að VEL fari yfir eldri greiningar á þjónustuþáttum með það að markmiði að rýna hvort breytingar hafi orðið og tilefni sé til aðgerða af þeim sökum.
  - að MOF leggi áherslu á eftirfylgni með samningum og styrkjum sviðsins og sérstaka áherslu á málefni innflytjenda og lágtekjuhópa í sínum greiningum.
  - að ÍTR leggi áherslu á eftirfylgni með samningum og styrkjum sviðsins og sérstaka áherslu á málefni innflytjenda og lágtekjuhópa í sínum greiningum.
  - að USK fylgi eftir áætlunum sínum um greiningar þjónustuþáttu á grundvelli aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar.
  - að miðlæg stjórnsýsla leggi áherslu á að greina með aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar tekjur borgarsjóðs (þ.e. skatta og gjaldskrár), styrki og samninga.
3. Borgarráð feli sviðsstjórum að rýna fyrirliggjandi greiningar með aðferðafræði kynjaðra fjárhags- og starfsáætlunar og að nýta þær við undirbúning tillagna um ráðstöfun fjármuna.

**Greinargerð:**

Tillögurnar byggja í meginatriðum á samþykktu verklagi vegna innleiðingar á kynjaðri

fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg.

Ef þörf er á jafnréttismati þarf niðurstaða þess að liggja fyrir eigi síðar en 30. apríl 2019 en jafnréttisskimanir skulu unnar samhliða vinnslu tillagna og fylgja tillögum sviðsstjóra, sjá í viðauka eyðublað vegna jafnréttisskimana og leiðbeiningar um gerð jafnréttismats, FMS-EBL-029 og FMS-LBE-156. Þessi tillaga byggir á gildandi reglum um gerð fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Ekki er þörf á frekari greinargerð um tillögu 2 og 3.

Varðandi framkvæmdina á fyrirliggjandi tillögum geta sviðsstjórar bæði leitað eftir ráðgjöf og fræðslu hjá verkefnisstýru KFS, Freyju Barkardóttur ([freyja.barkardottir@reykjavik.is](mailto:freyja.barkardottir@reykjavik.is)), hjá ráðgjafahópi KFS og stýrihópnum.

Stýrihópurinn mun rýna þær tillögur sem sviðin gera um ráðstöfun fjármuna og hvort þær samræmist stefnu borgarinnar um að fjárhagsáætlun skuli byggð á aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

*Stýrihópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar*

Líf Magneudóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Örn Þórðarson